

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Útinám við Akurskóla

Erna Ósk Steinarsdóttir
140983-4389

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Kennaradeild, grunnskólakennarafræði
September 2009

Leiðsögukennari
Eggert Lárusson

Ágrip

Í þessari greinargerð kem ég til með að skoða jákvæðar hliðar á útikennslu. Hvernig góð áhrif frá náttúrunni verða partur af daglegu lífi nemenda í grunnskólum landsins. Ég ætla mér að nýta Innri Njarðvík og það fallega svæði sem sá bær hefur upp á að bjóða í útikennslu barna á miðstigi grunnskóla. Komið verður inn á fjölbreyttar kennsluáferðir við útinám og mikilvægi þess að allir nemendur finni sér eitthvað við hæfi, í námi, lífi og starfi. Einnig fylgir greinargerðinni fjölbreyttar kennsluáætlanir til að nýta við útikennslu og úrvinnslu hennar.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Útikennsla	7
Kenningar fræðimanna	8
John Dewey.....	8
Lev Vygotsky.....	9
Jean Piaget	10
Benjamin Bloom	11
Kennsluaðferðir	12
Útlistunaraðferð:	12
Verklegar æfingar	12
Umræðu- og spurnaraðferð	13
Innlifunaraðferð og tjáning	13
Þrautalausnir	13
Leitaraðferðin.....	14
Hópavinnubrögð	14
Sjálfstæð, skapandi viðfangsefni	14
Akurskóli	15
Nærumhverfi Akurskóla	15
Hvað býður umhverfi Akurskóla upp á?.....	16
Víkingsheimar.....	16
Kópa.....	17
Tjarnirnar	18
Móinn.....	18
Lokaorð	19
Heimildaskrá	20
Vefheimildir	21
Myndir	22

Inngangur

Nútíma umhverfi barna býður ekki upp á mikið svigrúm til þess að börn fái tækifæri til að kanna umhverfið sem þau þrífast í. Þar af leiðandi er mikilvægt að skólar landsins finni leið til þess að koma til móts við það og kynna náttúruna fyrir þeim. Sjálfsagt eru til margar leiðir í þessum efnum, en í greinargerð þessari verður komið inn á fjölbreyttar kennsluaðferðir sem snúa að útikennslu.

Sama hvort að kennslan sem slík fari fram innan- eða utandyra, þá er það meginmarkmið kennara að reyna með besta móti að koma til móts við þarfir allra nemenda í bekknum. Útikennslan er engin undantekning í þessum efnum, heldur getur hún þvert á móti gefið fleiri möguleika til þess að koma til móts við sem flesta nemendur. Mikil umræða hefur verið um einstaklingsmiðað nám og hvernig því hefur verið háttað, en útikennsla sem slík hefur mikla burði til þess að skapa nemandanum það svigrúm og þá möguleika sem hann þarfnast í námi sínu. Fjölbreytileiki er vissulega af hinu góða, sér í lagi þegar kemur að mótun ungra barna á sínum fyrstu skólaárum.

Áþreifanleikinn við náttúruna, nálægðin og innblásturinn sem að fylgir kennslu utandyra, getur verið áhrifamikið tól í kennslu og mikilvægt fyrir skóla að skoða. Nemendur eiga auðveldara með að skilja það sem þau þekkja og því oft erfitt fyrir þau að skilja hvernig náttúran og umhverfið virkar ef þau hafa ekki neina reynslu af því. Reynsla nútíma barna byggist mikið á sjónvarpsglápi og tölvuleikjum sem eiga það oft til að sýna þvert á móti það sem raunverulegt er.

Innri Njarðvík hefur marga virkilega fallega staði sem vert er að skoða. Það eru alltof fáir sem virkilega láta sér umhverfið þar sig skipta. Það er því mikilvægt að kynna það fyrir börnunum sem koma til með að vaxa þar úr grasi og kenna þeim að nýta umhverfið í leik og starfi.

Allt þetta varð til þess að ég heillaðist af því að skrifa verkefni um útikennslu í Innri Njarðvík. Þar hefur verið mikil og flott uppbygging á útikennslu. Það hefur verið samþætt verkefni grunnskóla og leikskóla þar í bæ. Það er því alltaf áhugavert að skoða þetta vel og reyna að nýta sér í starfi.

Verkefni þetta byggir því á útikennslu á miðstigi í grunnskóla. Ég byggi markmið kennsluverkefnanna á markmiðum Aðalnámskráar við lok 7. bekkjar grunnskóla. Annars vegar er það greinargerð um útikennslu, umhverfið, fræðimenn og fleira. Hins vegar eru það kennsluverkefnin, sem hægt er að nýta sér við skipulag á útikennslu á þessu svæði, ásamt verkefnum, matsblöðum og fleira.